

# *Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk*

*í grunnskólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi*

*skólaárið 2011-2012*



## Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2011-2012

### Að verða betri í dag en í gær

Haustið 2010 kom fram sú hugmynd að efna til nýs átaks í upplestri og munnlegri tjáningu í tilefni af 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í Hafnarfirði. Að höfðu samráði við alla kennara í 4. bekk varð niðurstaðan sú að fara af stað með verkefni í anda Stóru upplestrarkeppninnar, með sömu markmið að leiðarljósi en sníða verkefnið að aldri og þroska nemenda í 4. bekk. Niðurstaðan varð sú að kalla verkefnið Litlu upplestrarkeppnina þar sem markmiðið væri að keppa að betri árangri og bæta upplestur en í keppni fælist fleira en að keppa við aðra. Mikilvægt væri einnig að allir fengju viðurkenningarskjöl eins og tíðkast í Stóru upplestrarkeppninni en það verkefni stendur líka allan veturinn og skiptist í ræktunarhluta og hátíðarhluta.

Haldin voru námskeið fyrir kennara en allir kennarar höfðu áhuga á að vera með og skiluðu í lokin greinargerðum. Í apríl vorið 2011 voru síðan haldnar 14 hátíðir sem gengu frábærlega vel og er skýrsluna að finna inni á heimasíðu Stóru upplestrarkeppninnar.

Haustið 2011 var því ákveðið að blása til sóknar á nýjan leik þar sem allir kennarar sögðu í lokaorðum sínum um vorið að hefja bæri leikinn að nýju og allar niðurstöður sýndu mikla ánægju kennara með verkefnið. Sama háttur var því hafður á, námskeið um haustið, bréf sent til foreldra, formlega setning á degi íslenskrar tungu, samráðsfundur í janúar og hátíðir flestar í apríl. Þær voru 14 talsins vorið 2012. Uppskerufundur haldinn 21. maí þar sem farið er yfir niðurstöður úr greinargerðum með það að leiðarljósi að meta það sem vel hefur tekist og skiptast á hugmyndum um framhaldið.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir (sjá fylgiskjöl) eftir annað ár verkefnisins er það niðurstaða allra kennara sem þátt tóku að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera.

Hafnarfirði í maí 2012

---

Ingibjörg Einarsdóttir  
skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar



Hafnarfirði í nóvember 2012.

Til foreldra barna í 4. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði og á Álftanesi

**Efni: Litla upplestrarkeppnin í 4. bekk fer af stað í annað sinn☺**

Í tilefni af 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekkjum í Hafnarfirði og á Álftanesi haustið 2010 var ákveðið að efna til nýs þróunarverkefnis í 4. bekkjum grunnskólanna. Hugmyndin var sú að taka upp kennsluáðferðir Stóru upplestrarkeppninnar í fleiri árgöngum og er skemmst frá því að segja að verkefnið

gekk mjög vel og því hefur verið ákveðið að hefja leikinn að nýju.

Verkefnið hlaut nafnið **Litla upplestrarkeppin** en við leggjum áherslu á að keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa að betri árangri, ekki að keppa við bekkjarfélagana heldur sjálfan sig og stefna stöðugt að því að bæta framsögn og upplestur.

**Undirbúinn upplestur** þarf að vera á dagskrá flesta daga frá degi íslenskrar tungu þ. 16. nóvember, en þá fer verkefnið formlega af stað í skólunum, og fram í apríl. Allir nemendur í bekknum eru með í verkefninu og kennarar munu leitast við að miða kennsluhætti við hæfni og þroska hvers og eins. Verkefninu lýkur síðan með upplestrarhátíð þar sem allir nemendur leggja sitt af mörkum og verður hátíðin í formi samveru með foreldrum og öðrum góðum gestum og allir nemendur fá afhent viðurkenningarskjal.

Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í verkefninu sem er hægt að gera með því að vera stöðugt góður og áhugasamur áheyrandi við heimalestur og ræða um áherslur og blæbrigði sem skipta máli við allan flutning.

**Markmiðið er ávallt að flytja móðurmálið sjálfum sér og öðrum til ánægju**

Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar mun hafa umsjón með verkefninu.



## LITLA UPPLISTRARKEPPNIN Í 4. bekk

í grunnskólum Hafnarfjarðar og á Álftanesi

skólaárið 2011-2012

Lokahátíðir í apríl 2012

### Dagskrá

Kynnir býður gesti velkomna og gerir grein fyrir Litlu upplestrarkeppninni sem staðið hefur frá degi ísl. tungu 2011 og er nú haldin í annað sinn.


**Skáld keppinnar eru:** Guðrún Helgadóttir, Hulda (Unnur Benediktsdóttir Bjarklind) Kristján Hreinsson, Stefán Júlíusson, Steingrímur Arason, Þórarinn Eldjárn, Örn Arnarson og óþekktur höfundur.

Val er um hvort nemendur kynni sig sjálfir eða kynnir segi nöfn þeirra og nemandi standi upp þegar nafn hans er nefnt.

- 1. Tónlistaratriði**
- 2. Ljóðalestur.** (Kennari hefur val um nokkur ljóð. Gestir beðnir um að klappa ekki fyrr en allir hafi lokið lestrinum)
- 3. Gestalesari úr 7. bekk,** fulltrúi skólans úr Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í mars. E.t.v. lesið ljóðið sem nemandinn flutti á hátíðinni í Hafnarborg.
- 4. Lesinn texti.** (Kennari hefur val um nokkra texta).
- 5. Tónlistaratriði**
- 6. Ljóðalestur.** (Kennari hefur val um nokkur ljóð).
- 7. Lesinn texti.** (Kennari hefur val um texta).
- 8. Ljóðalestur.** (Kennari hefur val um ljóð).

Kennari eða skólastjóri slítur hátíðinni. E.t.v. veitingar, ekki skilyrði en mjög skemmtilegt er að geta afhent viðurkenningarskjölin í lokin.

## Litla upplestrarkeppnin



## Viðurkenning

---

hefur tekið þátt í  
Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk  
skólaárið 2011-2012.

**Bestu þakkir fyrir þátttökuna!**

Fyrir hönd Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar

*Ingibjörg Einarisdóttir*

**BÓKAGLEYPÍR** (Þórarinn Eldjárn)

**Lesari 1** Hann Guðmundur á Mýrum borðar bækur,  
það byrjaði upp á grín, en varð svo kækur.  
Núorðið þá vill hann ekkert annað,  
alveg sama þó að það sé bannað.

**Lesari 2** Hann lætur ekki nægja kafla og kafla,  
hann kemst ekki af með minna en heilan stafla.  
Hann er víða í banni á bókasöfnum,  
en beitir gerviskeggi og fölskum nöfnum.

**Lesari 3** Hann gleypir í sig feitar framhaldssögur  
og fær sér inn á milli stuttar bögur.  
Hann telur víst að maginn muni skána  
í mörgum við að bíta í símaskrána.

**Lesarar** Hann segir : Þó er best að borða ljóð,  
**1,2 og 3** en bara reyndar þau sem eru góð.

## Úr bókinni Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson

Hér er eingöngu um að ræða tillögu að skiptingu milli lesara, kennari skiptir síðan eins og hentar á hverjum stað. Sögumenn geta verið fáir og líka margir.

### Sögumaður:

Kári litli vaknaði við það að sólin skein inn um gluggann. Hann mundi það strax að í dag átti hann að fara í fyrsta sinn í skólann. Það var gaman! Kári hentist fram úr rúminu og byrjaði að klæða sig í snatri. Mamma hafði lagt sparifötin hjá honum. Auðvitað átti hann að vera í sparifötunum í fyrsta sinn sem hann fór í skólann. Nú kom mamma inn.

### Lesari 2

Jæja, góðan daginn Kári minn, þú ert þá vaknaður?

### Lesari 3 (Kári)

Já, já.

### Lesari 2

Heldur þú að það sé betra að pabbi fylgi þér í skólann svona fyrsta daginn?

### Lesari 3

Nei, nei ég get vel farið einn.

### Sögumaður

Hann langaði til að láta alla sjá að hann kæmi einn í skólann þótt hann hefði aldrei farið fyrr. Hann var svo duglegur strákur. Og pabbi og mamma létu Kára ráða þessu. En þegar hann var búinn að kveðja þau, sagði mamma.

## Lesari 2

Taktu nú vel eftir öllu sem þér verður sagt, svo að þú vitir eitthvað þegar þú kemur aftur.

### Sögumaður

Kári lofaði því. Þegar hann kom út stóð Lappi á hólnum sem var hjá litla bænum og bauð honum góðan daginn. Hann hoppaði upp á afturfæturna og rétti Kára báða framfæturna.

## Lesari 2 (Kári)

Góðan daginn, Lappi minn. Nú er ég að fara í skólann. Allir drengir þurfa að fara í skóla. En þú þarft þess ekki af því að þú ert hundur.

### Sögumaður

Það var langt í skólann hjá Kára litla. Fyrst varð hann að fara gegnum hraunið, yfir djúpar lautir og fram hjá stórum klettum. Aldrei hafði Kári litli séð jafnmörg börn saman komin og við skólann. Alls staðar voru krakkar, stórir og smáir, hlaupandi og hoppandi, hlæjandi og masandi, gangandi og galandi. Þetta var nú meiri hópurinn!

### Sögumaður

Kári litli var alveg hissa. Allt í einu tók Kári litli eftir því að krakkarnir voru farnir að safnast saman utan um hann. Hann stóð upp við skólavegginn og horfði á krakkana og var að hugsa um hvað þeir væru eiginlega að gera í kringum sig. En þá kom stór og feitur strákur alveg að honum og sagði:

## Lesari 4

Hefur þú hund með þér í skólann?



### Sögumaður

Nú skildi Kári allt. Krakkarnir voru að skoða Lappa. Hann leit á vin sinn þar sem hann lá við fætur hans ósköp góðlegur. Svo leit hann á feita strákinn og sagði:

### Lesari 2

Já.

### Lesari 4

Er hann grimmur?

### Lesari 2

Hann Lappi grimmur! Nei, hann er ekki grimmur.

### Sögumaður

Þá leit feiti strákurinn á nokkra aðra stráka í hópnum og sagði:

### Lesari 4

Eigum við að stríða honum svolítið?

### Sögumaður

Strákarnir voru til í það. Þeir færðu sig nær þeim Kára litla og Lappa og byrjuðu að siga og gelta. Lappi skreið alveg að fótum Kára litla. Hann var svo meinlaus.

### Lesari 2

Þið megið ekki stríða Lappa. Hann hefur ekkert gert ykkur.

### Sögumaður

En strákarnir önsuðu Kára ekki en héldu bara áfram að æpa og öskra. Og allt í einu beygði feiti strákurinn sig niður og kleip í rófuna á Lappa. Lappi stóð upp og ýlfraði. En nú varð Kári litli reiður. Þetta gat hann ekki þolað. Hann réðst á feita strákinn og kastaði sér yfir hann, og skellti honum um leið. En strákurinn var fljótur á fætur. Og nú fyrst byrjuðu áflogin.

### Sögumaður

Strákurinn greip í Kára, tók hann tökum og vildi nú skella honum. Kári fann að strákurinn var voða sterkur, miklu sterkari en hann. En Kári var snar og liðugur. Og þegar strákurinn gat skellt Kára, gat hann togað hann niður með sér. Nú veltust þeir báðir í sandinum, báðir voða reiðir. Báðir reyndu að vera ofan á.

### Sögumaður

Og þó að strákurinn væri sterkari en Kári, gat hann ekki haldið honum niðri. Kári smaug svo vel. Lappi stóð hjá og horfði á. Hann langaði til að hjálpa Kára litla. En hann vissi að hann mátti aldrei bíta börn og annað gat hann ekki. Svo urraði hann bara.

### Sögumaður

Allt í einu þögnuðu allir krakkarnir. Og litlu seinna var gripið í öxlina á Kára litla og líka í öxlina á stóra stráknum og þeir voru reistir á fætur. Þetta var kennari sem hafði heyrt lætin í krökkunum og var nú kominn til þess að vita hvað gengi á. Hann leit á þá strákinn og Kára litla til skiptis.

## Tónlistaratriði

## Lítill fugl (Örn Arnarson)

**Lesari 1** Lítill fugl á laufgum teigi

losar blund á mosasæng,

**Lesari 2** heilsar glaður heiðum degi,

hristir silfurdögg af væng.

**Lesari 3** Flýgur upp í himinheiðið,

hefir geislastraum í fang,

**Lesari 4** siglir morgunsvala leiðið,

sest á háan klettadrang.

**Lesari 1 og 4 skipta með sér línunum**

þykist öðrum þröstum meiri,  
þenur brjóst og sperrir stél,  
vill, að allur heimur heyri,  
hvað hann syngur listavel.

Skín úr augum skáldsins gleði,  
skelfur rödd við ljóðin ný,  
þó að allir þrestir kveði  
þetta sama dírri-dí.

#### **Lesarar**

**1,2,3og 4** Litli fuglinn ljóða vildi  
listabrag um vor og ást.  
Undarlegt, að enginn skyldi  
að því snilldarverki dást.

## Úr ævintýrinu um Hlína kóngsson og Signýju eftir Huldu.

### **SIGNÝ**

#### **Lesari 1**

Hún Signý litla var ljós og hrein  
og léttstíg sem skógarins hind,  
hún bjó þar í friði með foreldrum ein,  
frjáls eins og þröstur á vaggandi grein,  
er syngur um sólskin og vind.

#### **Talkór, allir eða stór hópur**

Í hlíðunum kleif hún um kletta og gjár  
og kallaði skæran og söng,  
frá brúnunum strauk hið bylgjandi hár  
og brosti sem ljósálfur glettinn og smár,  
er liðu fram dvergmálin löng.

#### **Lesari 2**

Þá hádegissólin úr suðri leit

og svalvindur enginn þaut,  
en hjörðin stillt fór um brekkur á beit,  
hún blundaði, ef til vill rjóð og heit,  
sem lömbin í angandi laut.

### **Talkór, allir eða stór hópur**

Hver lítill fugl, er úr suðri sveif  
og settist í dalnum að,  
hver burkni og hrísla í bjargakleif,  
hver berglind, er eyrað söngvum hreif,  
vinirnir, - þeir voru það.

## Úr bókinni Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur

Fjöldi lesara getur verið á bilinu 5-13 og fer eftir því sem hentar hverjum hópi á hátíðinni. Mjög æskilegt að hafa nokkra sögumenn, þeir sem lesa fyrst geta þá sest að loknum lestri eða stigið til hliðar. Sögumenn geta verið 9 og svo gætu þeir líka bara verið 3 eða ?

### Sögumaður 1

Bræðurnir og Magga þurftu ekkert að fara í leikskólann af því að fóstrurnar voru í sumarfrí. Mamma var líka í sumarfrí svo að þetta féll allt ágætlega saman. Og auðvitað hafði Soffía, sem passaði krakkana hálfan daginn, þá líka fengið sitt sumarfrí. Hún hafði farið til Akureyrar til að passa einhverja krakka, sem dóttir hennar átti. Hún Soffía þurfti alltaf að vera að passa einhverja krakka. Strákarnir vissu alveg hvað hún segði þegar hún kæmi aftur: **að engin börn væru eins óþekk og þeir.**

### Sögumaður 2

Þeir héldu lengi vel að henni Soffíu væri meinilla við þá, sérstaklega Jón Bjarna. Og einu sinni ákváðu þeir að rannsaka, hvað Soffíu væri mikið illa við Jón Bjarna. Jón Oddur fór upp til Soffíu, en Jón Bjarni varð eftir niðri. Jón Oddur þóttist vera að hrína og sagði stamandi og hikstandi við Soffíu:

### Lesari 1 (Jón Oddur)

Hann Jón Bjarni er dáinn. Hann fór undir öskubílinn og steindó.

### Sögumaður 3

Soffía var með fulla skál af rommbúðingi í höndunum og skálin skall í gólfið og búðingurinn slettist út um allt. Svo hljóðaði hún upp yfir sig og hentist niður stigann, æpandi eins og loftvarnarflauta. Jón Bjarni, sem hafði staðið niðri í stiga, hljóp niður í þvottahús, en Soffía hentist æpandi út á götu. Þar stóð öskubíllinn. Þannig höfðu strákarnir fengið hugmyndina.

### Sögumaður 4

Fjórir eða fimm sorphreinsunarmenn voru að ýta tunnum upp í hreyfigrindina á bílnum þegar Soffíu bar að. Hún réðst á einn þeirra og barði hann með krepptum hnefunum og æpti eitthvað um sjúkrabíllinn og elsku barnið sitt.

Mönnunum féllust hendur og einn þeirra sagði:

### Lesari 2

Er hún orðin vitlaus manneskjan?

### Sögumaður 5

Er sjúkrabíllinn farinn? Veinaði Soffía og vafði svuntunni mörgum sinnum um handleggina á sér.

Éld það væri ráð að hringja eftir honum, sagði einn mannanna.

### Sögumaður 6

Múgur og margmenni hafði safnast að Soffíu og öskubílnum og syfjað fólk, sem var að koma úr mjólkurbúðinni starði náfölt á Soffíu, sem æpti og veinaði.



Eftir langa stund fóru mennirnir að skilja um hvað Soffía var að tala. Sá elsti þeirra byrjaði rólega að vefja svuntunni utan af handleggjunum á Soffíu, tók síðan krímóttan klút upp úr vasa sínum og þurrkaði tárin af andliti hennar.

### Sögumaður 7

Og loks skildi vesalings Soffía að hér var um einhvern misskilning að ræða. Hún varð skelfing vandræðaleg í framan og staulaðist aftur á bak í áttina að húsinu. Inni í ganginum kom á móti henni konan á næstu hæð til að vita hvað um væri að vera. Henni var líka voða illa við strákana. Anna Jóna sagði að hún yrði eins og skemmd appelsína í framan, þegar hún sæi þá. Þegar konan kom að Soffíu var alveg að líða yfir hana. Konan fór með hana aftur út svo að hún gæti andað að sér fersku lofti.

### Sögumaður 8

Í þvottahúsglugganum sá Soffía útflatt nefið á Jóni Bjarna og þá var eins og hún kæmist til lífsins á ný. Hún brast í þungan grát og grét með ekka alla leið upp í íbúðina. Nágrannakonan lét hana leggjast upp í legubekk og lagði kaldan klút á ennið á henni.

Það leið löng stund áður en Soffía hafði heilsu til að byrja að þrifa búðinginn upp af gólfinu. Um kvöldið þegar mamma og pabbi komu heim, voru strákarnir háttaðir ofan í rúm þó að klukkan væri ekki nema sex og þau töluðu lengi og alvarlega við þá um hversu skelfilegt það væri að segja henni Soffíu annað eins og þetta.

### Lesari 3

Við ætluðum bara að gleðja hana, snökkti Jón Bjarni.

### Lesari 4

Gleðja hana, hrópaði mamma.

### Lesari 3

Já, við héldum að hún yrði guðs lifandi fegin, ef ég færi undir öskubílinn, sagði Jón Bjarni. Henni finnst ég svo óþekkur.

### Sögumaður 9

Svo var aldrei talað meira um þetta. En strákunum fannst Soffía tala sjaldnar um óþekktina í þeim eftir þetta.

Og nú var Soffía í fríi að passa **þægu krakkana** hennar dóttur sinnar.

**Kennari skipuleggur hve margir taka þátt í talkórnum, getur verið allur hópurinn eða nokkrir.**

### **Amma kvað** (Örn Arnarson)

**Lesari 1**

Ekki gráta, unginn minn,  
amma kveður við drenginn sinn.  
Gullinhærðan glókoll þinn  
geymdu í faðmi mínum,  
elsku litli ljúfurinn,  
líkur afa sínum.

**Talkór**

Afi þinn á Barði bjó,  
bændaprýði, ríkur nóg.  
Við mér ungri heimur hló.  
Ég hrasaði fyrr en varði.  
Ætli ég muni ekki þó  
árið mitt á Barði?

**Lesari 2**

Man ég víst, hve hlýtt hann hló,  
hversu augað geislum sló  
og hve brosið bað og dró,  
blendin svör og fyndin.  
Ég lést ei vita, en vissi þó,  
að vofði yfir mér syndin.

**Lesari 3**

Dýrt varð mér það eina ár.  
Afi þinn er löngu nár.  
  
eru þaðan runnin,  
gleðin ljúf og sorgin sár  
af sama toga spunnin.

**Talkór**

Elsku litli ljúfur minn,  
leiki við þig heimurinn.  
Ástin gefi þér ylinn sinn,  
þótt einhver fyrir það líði.  
Vertu eins og afi þinn  
allra bænda prýði.

Heilræðavísur nútímans út bókinni

**Ljóðin um veginn eftir Kristján Hreinsson**

**BJARTSÝNI**

**Lesari 1** Yndi lífsins átt þú hér  
undir þykkum hjúpi

**Lesari 2** og fágæt perla falin er  
í fögru hjartans djúpi.

**Lesari 1** Þegar opnast þessi skel  
þjáning öll mun dvína

**Lesari 2** Því lífsins unun ljómar vel  
ef ljósið fær að skína.

**Lesari 1** Í hverri raun því ræður þú  
að réttust leið sé valin,

**Lesari 2** já, hamingjan er hér og nú  
í hjarta þínu falin.

## KURTEISI

**Lesari 1** Ef er ég í einhverjum vafa  
og erfið mér kurteisin finnst

**Lesari 2** þá vil ég í hávegum hafa  
þá hugsun sem kostar mig minnst.

**Lesari 3** Ég sé það ef hógvæð ég safna  
að samviskan er ekki blind

**Lesari 4** og hugsun mín hlýtur að dafna  
í háttvísri birtingarmynd.

### **Lesarar 1-4 saman.**

Þótt fjöldanum finnist það skrýtið,  
þá frábært ég jafnan það tel,  
að kurteisi kostar svo lítið  
en kemur sér alstaðar vel.

## GLAÐLYNDI

**Vel má hugsa sér að 3-5 lesi hér allt ljóðið í talkór.**

Alltaf þegar kempur kljást  
þá kostar gleðin tíma  
en eftir tap mun sigur sjást  
sem sólarinnar skíma.

Öll gremja fer á gleðistund,  
þá gleymist líka tapið  
því þeir sem hafa léttu lund  
léttu hinum skapið.

Því skaltu láta glaðlegt geð  
grátstafina lina  
og helst þú átt að hlæja með  
í hópi góðra vina.

## TRÚ

- Lesari 1** Ég trúi á ást og yndi  
en ekki á myrkrið kalt,  
ég trúi á leik í lyndi,  
á lífið sem sigrar allt.
- Lesari 2** Ég trúi á okkar æsku  
og öldungis viskubrunn,  
ég trúi á tryggð og gæsku,  
á traustan og sterkan grunn.
- Lesari 3** Ég trúi á mannsins mildi,  
þann mátt sem svo fagur er,  
ég trúi á göfug gildi,  
hið góða sem býr í mér.



## HÆVERSKA

**Lesari 1** Mikið gortar heimskur haus  
og hæverskunni gleymir  
en hinn er yfirlætislaus  
sem lífsins fegurð geymir.

**Lesari 2** Flestir vilja forðast last  
er fíflin visku týna  
en hæversk vera heldur fast  
í helstu kosti sína.

**Lesari 3** Já, margur sýnir brosið bjart  
í býsna góðum málum  
því hæverskan er hugarskart  
sem hæfir fögrum sálum.

## BLÍÐLYNDI

**Lesari 1** Með blíða lund hér búum við  
sem börn hjá lífsins vegi,  
göngum áfram, hlið við hlið  
og heilsum nýjum degi.

**Lesari 2** Ef leggst í dvala lundin blíð  
og ljósið er á förum  
þá biðjum við um betri tíð  
með bros á okkar vörum.

**Lesarar  
1 og 2** Hver hugur syngur lífsins lag  
sem lofað öll við fáum  
því andleg snerting er í dag  
það eina sem við þráum.

## Úr bókinni Kári litli í skólanum eftir Stefán Júlíusson

Eins og ávallt er hér er eingöngu tillaga að skiptingu milli lesara.

### Vorið er komið

#### Lesari 1:

Kári litli situr á háum kletti skammt frá litla bænum. Hann horfir út í loftið, eins og hann sé að horfa á eitthvað langt, langt í burtu. En hann er samt ekki að horfa á neitt sérstakt. Hann er að hugsa, - Lappi liggur þar hjá honum.

#### Lesari 2:

Vorið er komið. Lautirnar eru orðnar grænar og blómin eru farin að springja út á syllum og stöllum í klettunum. Sólin skín í heiði og fjörðurinn er lygn og blár; nú er hvergi brim við ströndina.

#### Lesari 3:

Nú eru allir fuglar komnir utan úr heitu löndunum þar sem þeir lifðu í hlýju og sól, meðan snjórinn breiddi sig yfir hraunið í kringum litla bæinn og fyllti lautirnar og kuldinn beit börnin í nef og kinnar.

#### Lesari 1:

Kríurnar eru líka komnar. Þær fljúga með argi og gargi uppi yfir fjörunni. Þær steypast úr háa loftiniður að sjónum, grípa æti í nefið og líða svo létt og fimlega upp aftur. Oft hefur Kári litli horft á kríurnar leika listir sínar í loftinu. Enginn fugl flýgur eins vel. Og þótt kríurnar séu stundum leiðinlegar og kroppi í kollinn á honum þegar hann gengur um fjöruna, þá finnst Kára samt að vorið sé þá fyrst komið þegar þær eru komnar.

**Lesari 2:**

Kári litli lítur yfir hraunið og sjóinn og inn til bæjarins. Hann þarf margt að hugsa og athuga núna og stundum talar hann líka upphátt við Lappa. Hann lítur yfir að litla húsinu hans Ólafs Ingva. Nú er þar enginn því að Ólafur Ingvi er sigldur til útlanda fyrir hálfum mánuði.

**Lesari 3:**

Skólinn er hættur fyrir viku. Kára litla gekk ágætlega um veturinn og um vorið varð hann efstur. Hann verður alltaf glaður þegar hann hugsar um skólann. Og nú strýkur hann yfir kollinn á Lappa sínum og segir:

(Hér mætti hugsa sér að skipta um hóp, þau 3 (eða fleiri) sem hafa lesið hingað til gætu þá sest í sætin sín. )

**Lesari 4:**

Það er gaman að vera í skóla, Lappi minn. Ég er viss um að þér fyndist það líka gaman, ef þú værir drengur.

**Lesari 5:**

Kári hugsar sig betur um, svo heldur hann áfram:

**Lesari 4:**

En líklega er ekki gaman að vera í skóla á sumrin. Þá er best að hoppa um grundir og bala og baða sig í sólskininu. Já, það er mest varið í að vera úti á sumrin.

**Lesari 5:**

Lappi dinglar rófunni meðan Kári talar. Hann er vanur þessu og samþykkir allt með því að dingla rófunni.

**Lesari 6:**

En Kára hálfleiðist stundum, síðan skólinn hætti. Gunnar er líka farinn í sveit. Hann fór áður en skólinn var alveg búinn. Nú hefur Kári litli engan til þess að vera með nema Lappa. Og oft situr hann svona hjá honum og talar við hann um allt sem honum dettur í hug. Og Kára litla dettur margt í hug og hann þarf mikið að hugsa. Stundum spyr hann mömmu um ýmislegt sem hann ekki skilur sjálfur og hún leysir úr því öllu. Pabbi er nú hættur að róa og hefur nú fengið vinnu uppi í sveit. Hann kemur ekki heim nema um helgar.

**Lesari 7:**

Ásta litla er svo lítil ennþá að það er ekkert gaman að leika sér við hana nema stutta stund í einu. Hún er líka svo óþekk, stelpan, - eða það finnst Kára að minnsta kosti þegar hann á að passa hana. Hún er nú hálf tveimur árum

Kári litli rís á fætur og horfir enn einu sinni út yfir hraunið og fjörðinn, upp til fjallanna og inn til bæjarins. Já, víst er vorið komið, það er auðséð á öllu. Svo snýr hann sér að Lappa sem líka hefur risið á fætur og segir:

**Lesari 4:**

En heyrðu, Lappi karlinn. Nú ættum við að fara að líta eftir húsunum og bryggjunni og bátunum okkar í lautunum. Ætli blessuðum skepnunum sé ekki farið að leiðast inni!

**Lesari 8:**

Kári litli tekur nú að klifra niður klettinn og Lappi á eftir honum.

Þegar þeir koma niður beygir Kári litli sig allt í einu niður að Lappa, tekur um báða kjálka hans, horfir í augu hans og segir:

**Lesari 4:**

Lappi minn! Ég hef alveg gleymt að segja þér aðalfréttirnar! Mamma fékk bréf í gær frá afa og ömmu sem eiga heima langt, langt uppi í sveit og þau bjóðast til að taka mig í sumar. Ef pabbi vill þetta þá fæ ég að ferðast á skipi, Lappi! Og það verður nú gaman!

**Lesari 8:**

Lappi dinglar rófunni yfir þessari nýju frétt. Og svo halda þeir áfram út í lautirnar, þar sem þeir eiga húsin og dýrin, bryggjuna og bátana.

## **HREIÐURHJÓN** (Steingrímur Arason)

Hér má hugsa sér að stór hópur lesara skipti með sér ljóðinu og notaður sé talkór inn á milli.

Ég byggði lítið hreiðurhús  
og hengdi efst á þil.  
Þar settist lítill söngfugl inn  
í sumardýrð og yl.

Nú endað var hans úthafsflug  
í átt til þessa lands.  
Að finna strá og flétta rúm  
var fyrsta verkið hans.

Hann leit á hlýja hreiðrið sitt  
svo hrifinn, fuglinn minn.  
Svo settist hann á símaþráð  
og söng við gluggann minn.

Í staðinn fyrir ljóð og lag  
og leiki söngvarans  
ég færði bæði brauð og ost  
að bæjardyrum hans.

Og marjátlan kvað lögin ljúf.  
Svo lagðist hún á sæng.  
Þar lágu fjögur flekkótt egg  
í fiðri undir væng.

Í daga tólf hún vermdi vel  
og vakti dægrin löng.  
En faðir þeirra færði mat  
og fyrir hana söng.

Að frúnni hugði hann hverja stund  
og hafði á öllu gát.  
Þá stakkst þar nef úr eggjum út.  
Ó, en hvað hún var kát.

Þau komu hvert af öðru út.  
Hún annast sérhvern gest  
og elskar allan hópinn heitt.  
Hún hlúir þeim sem best.



En nú er hlýja hreiðrið tóm.

Hún hefur kennt þeim flug.

Nú líða þau um loftin blá

með lof og dýrð í hug.

Þau hreyfa stélin hratt og títt

þau hafa öll þann kæk,

og hoppa sex um húspak mitt

svo himinglöð og spræk.

Hafnarfirði 2. maí 2012

Ágætu umsjónarkennarar í 4. bekkjum

Ég vil byrja á því að óska ykkur gleðilegs sumars og þakka fyrir sérlega ánægjulegt og gefandi samstarf í vetur. Nú líður að lokafundi hjá okkur um Litlu upplestrarkeppnina. Ég legg til að við höldum fundinn **mánudaginn 21. maí kl. 15:00 hér á Skólaskrifstofunni**. Þar munum við fara yfir starfið í vetur, hvernig þetta verkefni okkar hefur þróast og hvað við höfum lært af verkefninu og hverju það hefur skilað.

Eins og við ræddum strax í upphafi þá bað ég ykkur að skrá allt hjá ykkur í vetur, hvernig þið skipulögðuð vinnuna, hvað gekk vel og hvað þyrfti hugsanlega að skipuleggja betur. Mér þætti gott að fá þetta frá ykkur eigi síðar en **11. maí** svo ég geti unnið úr því fyrir fundinn. Gott væri að í greinargerðinni væru eftirtalin atriði:

1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.
2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.
3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?
4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?
5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?
6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?
7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?
8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?
9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?
10. Var notað púlt á lokahátíðinni?
11. Hver var kynni á lokahátíðinni?
12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?
13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum? Tímalengd á hátíðinni.
14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?
15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?
16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?
17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?
18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?
19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?
20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.

## Samantekt úr greinargerðum kennara sem þátt tóku í verkefninu.

### 1. Yfirlit yfir skipulagið frá 16. nóvember og fram að lokahátíð.

*Mjög margir kennarar gerðu kennsluáætlun fyrir hvern mánuð og einn skóli gerði mjög nákvæma vikuáætlun fyrir verkefnið. Nefnd voru mörg dæmi:*

Æfingar hófust um miðjan október og á degi íslenskrar tungu sá 4. bekkur um dagskrána. Þau fluttu leikrit um íslenskra tungu og þær breytingar sem orðið hafa í tímanna rás. Samverustundir á sal, nýttar mjög vel.

Lesið upp úr sögugerðarbókum og frjálslestrarbókum.

Leikskólaheimsóknir. Lesin ljóð, sögur og leikrit sem nemendur höfðu æft heima og í skólanum.

Skipulagðir hópar, litlir, stórir, allur bekkurinn með mismunandi hætti.

Talkórinn tekinn föstum tókum, gekk mjög vel og nýtist frábærlega fyrir börn sem eiga erfitt með lestur.

Jól og áramót nýtt sérstaklega og þá æfðir talkórar.

Æfingar við púlt og þegar nær dró lokahátíð æft í hljónema.

Gekk vel að fá nemendur til að segja frá áhugamálum sínum.

Kennt að taka við verðlaunaskjali, horfa í augun á viðkomandi og þakka fyrir sig.

Talkór með ýmsum afbrigðum, hlæjandi, hissa, reiður o.s.frv. Gott til að æfa blæbrigði.

Smátt og smátt vildu fleiri koma fram einir.

Fundinn sérstakur tími í stundaskrá til að æfa framsögnina.

Samstarf við heimilin, mjög mikilvægt og gekk afar vel.

Nemendur fengu textann sem lesa átti á lokahátíð með sér heim í páskaleyfið til að æfa.

Tvær æfingar í sal fyrir lokahátíðina.

Látbragðsleikur, leika uppáhalds SMT regluna.

Nemendur mjög vanir að koma fram á sal en núna lögð enn meiri áhersla á að flytja efni bæði í hópum og einir.

Æft hvernig ganga skal að hljóðnema.

Nemendur höfðu mjög gaman af talkórnum, aldrei fleiri hjá okkur en þrír saman.

### 2. Samstarf við heimilin, kynningar o.fl.

Sent bréfið frá Skólaskrifstofu, flestir tóku það fram.

Sett inn í vikuáætlanir og heimavinna.

Samstarf við foreldra mjög gott og þetta er mjög góður vettvangur til að auka samvinnu. Foreldrar látnir vita tímanlega um dagsetningu hátíðarinnar svo þeir tækju daginn frá. Kynningarbréfið fór of snemma frá okkur því við byrjuðum ekki á réttum tíma, heldur seint. Foreldrar mjög áhugasamir um verkefnið og við fengum þá líka til að velja ljóð með nemendum. Foreldrar fengu stöðugt upplýsingar um verkefnið.

### **3. Hvernig náðuð þið að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu?**

Nemendur lásu oft og meira heima.

Fjölbreyttara lestrarefni.

Fjölbreyttari lestrarkennsluaðferðir notaðar.

Verkefnið fyrst kennt í sérstökum tímum.

Studdi vel við fjölbreytni í lestrarefni, sérstaklega ljóðakennslu. Árlegt framsagnarpróf var samtvinnuð við upplestrarkeppnina og tókst mjög vel.

Oftar lesið upphátt, lásu líka oft og hvert fyrir annað, hópverkefni og kynningar.

Purftum engu að breyta, svipað og lestrarkennslan er hjá okkur.

Gekk vel að flétta verkefnið inn í venjulega lestrarkennslu þar sem nem. eru stöðugt að vinna með lestur texta, framsögn og tjáningu.

### **4. Var styrkur í þessu þróunarverkefni við lestrarkennsluna eða truflaði það?**

Okkur fannst þetta styðja við lestrarkennsluna.

Styrkur, bættist við hefðbundna lestrarkennslu.

Mikill styrkur í því að keyra þetta þróunarverkefni með lestrarkennslu og fá hugmyndir. Reyndist afar vel að nota hringekju til þess að koma þessu fyrir og jafnframt að leggja áherslu á þetta til jafns við önnur viðfangsefni í íslensku.

Tvímælalaust styrkur. Nemendur töluðu sjálfir um aukna færni í upplestri, tjáningu, framsögn og öryggi í að koma fram og lesa fyrir framan hóp á tímabilinu.

Hafði almennt mjög jákvæð áhrif, kom fram í ýmsum myndum sérstaklega hjá þeim sem ekki voru sterkir í lestri en þeir blómstruðu í framsögn. Margir sóttu í að læra utan að þó ekki hafi verið ætlast til þess. Varð til þess að þeir lásu meira og þeim fór mikið fram í framsögn.

Notuðum mikið leiklestur, mjög skemmtilegt og greinilega höfðu þau mikið til nemenda.

Það að æfa upplestur er ekkert sem við höfum ekki gert áður en nú tókum við bara lengri tíma í æfingar.

Börnunum fannst þetta mjög spennandi og urðu meðvitaðri um mismunandi framsögn og áttuðu sig á hve upplestur getur verið margbreytilegur. Einnig fannst þeim mikil upphefð að takast á við þetta.

Mér fannst þetta verkefni ekki trufla kennsluna, heldur vera skemmtileg tilbreyting.

## **5. Stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma eða hefði það mátt byrja fyrr eða enda fyrr?**

Tímalengd verkefnisins var góð, kostur að hver skóli fékk að ráðstafa tímanum á sinn máta.

Stóð í hæfilega langan tíma. Við hefðum þó ráðið við að vinna það á skemmri tíma. Það væri hægt að byrja um áramót og vera með hátíðirnar í mars/apríl.

Hæfilega langur tími að okkar mati. Við höfum, með því að skipuleggja það strax til enda, nýtt okkur tímann vel og alltaf haft þetta með.

Við hefðum viljað enda fyrr, vordagar eru oft svo annasamir.

Að okkar mati stóð þróunarverkefnið hæfilega langan tíma, sérstaklega með tilliti til þess að við byrjuðum að æfa í október.

## **6. Hvernig var staðið að kynningu á lokahátíðinni?**

Foreldrum sendur tölvupóstur þegar dagsetning og tími var orðið ljóst. Mikilvægi þess að allir nemendur hefðu áheyranda úr fjölskyldunni tíundað.

Þegar nær dró hátíð var kynning sett í vikuáætlun.

Nemendur gerðu boðskort í skólanum og fóru með heim.

Umsjónarkennarar 4. bekkjar settu sig í samband við umsjónarkennara í 3. bekk og buðu þeim á hátíðina.

Stjórnendur skólans fengu boð í tölvupósti.

Tilraun gerð að senda IE boðskort í tölvupósti en tókst því miður ekki☺

Nemendur gerðu boðskort og bókamerki sem merkt var LU og skreyttu stofuna með bókamerkjunum og gáfu foreldrum eða áttu þau sjálf.

## **7. Hverjir voru áheyrendur? Er hægt að læra af því?**

Foreldrar, það þá að taka ekki með sér yngri börn, flestir virtu það.

Nemendur í þriðja bekk, stjórnendur og aðrir starfsmenn skólans sem gátu komið því við.

Við teljum góða samsetningu að hafa 3. bekkinn með, gerðum það ekki í fyrra en gekk mjög vel núna. Allir foreldrar mættu, nokkrir afar og ömmur.

Bæði nem. úr þriðja bekk og svo hinn fjórði bekkurinn.

Ingibjörg frá Skólaskrifstofunni, gefur þessu annan blæ.

Yngri nemendum algerlega treystandi til að vera góðir áheyrendur.

Alls staðar voru foreldrar og víða fleiri úr fjölskyldunni. Flestir nefndu mikilvægi þess að skólastjórar sætu hátíðina og hefðu líka hlutverk.

## 8. Hvar var hátíðin haldin? Í sal eða inni í stofu?

Inni í kennslustofu.

Í sal skólans, flestir nefndu það.

Í sal skólans, nemendur sátu fremst.

Í sal skólans, nemendur sátu á móti gestunum í boga. Það gekk svo vel því þá stóðu þau bara upp og sögðu nafnið sitt en þurftu ekki að hreyfa sig eða ganga fram að púlti.

## 9. Var notað hljóðkerfi á lokahátíð? Ef svo var er það nauðsynlegt?

Við notuðum hljóðkerfi og börnunum fannst það mjög merkilegt. Æfðum það daginn áður.

Mjög nauðsynlegt að tryggja daginn áður að hljóðkerfið sé í lagi.

Notuðum ekki hljóðkerfi. Börnin hafa æft sig vel að bíða eftir hljóði og hækka röddina, það gekk vel.

Notað hljóðkerfi og tvö púlt, gekk vel.

Notuðum ekki hljóðkerfi.

Nauðsynlegt að nota hljóðkerfi í þessum sal.

Hljóðkerfið í okkar skóla er gott og við ákváðum að nota það. Það jók öryggi margra.

Ekki þörf á að nota hljóðkerfi þegar talkórarnir fluttu.

## 10. Var notað púlt á lokahátíðinni?

Já, en aðeins í einu ljóði.

Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að nota ekki púlt.

Notað púlt, eitt hjá öðrum bekknum, tvö hjá hinum.

Ekki notað á hátíðinni, atriðin þannig skipulögð að við töldum ekki þörf á því.

Notuðum púlt enda mikið notað á æfingatímanum.

## 11. Hver var kynnir á lokahátíðinni?

Tveir drengir úr 4. bekk, stóðu sig afar vel.

Fulltrúar skólans í Stóru upplestrarkeppninni voru kynnar á hátíðinni.

Nemendur sáu sjálfir um kynningar.

Kennarar sáu um kynningar eftir að skólastjóri setti hátíðina.

Einn kynnir á annarri hátíðinni úr bekknum, tveir á hinni. Gekk vel á báðum stöðum.

Deildarstjóri setti hátíðina, umsjónarkennari sagði nokkur orð og svo kynntu nemendur ljóðin sín en dagskráin var skrifuð upp á töfluna í stofunni.

## 12. Hvernig gekk að nota talkórinn? Hvaða tilbrigði voru notuð? Tveir og tveir eða stórir hópar o.s.frv.?

Talkórinn notaður mikið, bæði margir saman og tveir og tveir. Einnig flott að vera með tvo-þrjá kóra í einu. Einnig notaður mikið á jólaskemmtunum í árganginum sem gekk frábærlega.

Gekk vel, við notuðum allt frá tveimur upp í tuttugu og ein.

Nem. voru vel æfðir í að nota talkórinn í textaflutningi og það gekk vel.

Einn talkór fyrir hvert erindi í ljóðum, þrjár til fjórir í hverjum talkór.

Talkór notaður með ýmsum tilbrigðum, tveir, þrjár og fjórir saman.

Tveir og tveir og stundum fleiri.

Nokkrar stærðir af talkórum á okkar hátíð, allt frá fjórum og upp í 15. Mikið notað á æfingatímabilinu.

## 13. Var fylgt dagskránni sem IE sendi út í stórum dráttum?

### Tímalengd á hátíðinni.

Fylgdum alveg dagskránni, tók 35 mínútur hjá báðum bekkjum.

Reyndum að taka sem mest af lesefninu en vildum ekki hafa þetta of langt og lesarahópurinn mjög stór. Hátíðin tók 30 mínútur.

Blanda af efni frá IE og svo notað það sem við höfðum notað á æfingatímabilinu. Hátíðin tók 40 mínútur sem okkur fannst hæfilegt.

Notuðum að mestu efni IE. Völdum ljóðin og sögurnar sem hentaði tímalengdinni, ákváðum að 30 mínútur væri hæfilegt með tónlistaratriðum.

Við notuðum bara efni frá IE og fannst það mjög gott.

Dagskránni fylgt og tók 35 mínútur.

Við lásum alla textana og völdum fjögur ljóð, frábærar heilræðavísurnar.

#### 14. Var einhverju sleppt? Hverju ef svo var?

Sleptum bara úr vegna lengdar á hátíðinni.

Notuðum mest allt efnið sem IE sendi en líka það sem var í vinnslu allan veturinn.

Eitt ljóð flutt bæði á íslensku og táknmáli (Smaladrengurinn e. Steingr. Thorsteinsson)

Lesefnið sem við fengum passaði vel, alls ekki of þungt fyrir nemendur.

Breyttum engu, fylgdum dagskránni alveg.

Bættum aðeins við efni sem gekk vel í vetur, en notuðum eiginlega allt sem IE sendi.

Fannst mikilvægt að fylgja dagskránni sem fylgdi verkefninu.

Engu sleppt en bætt við söng í upphafi (Vorvindar glaðir).

Gaman að byrja með söng og rammar hátíðina inn.

#### 15. Komu gestalesarar úr 7. bekk?

Tvær stúlkur, fulltrúar úr Stóru upplestrarkeppninni komu og lásu ljóð.

Drengur úr 7. bekk, fulltrúi úr SU kom og las ljóð.

Gestalesarar á báðum hátíðum

Nemendur í 7. bekk í skólaferð, fengum gest úr 6. bekk með tónlistaratriði.

Báðir fulltrúar úr SU komu og lásu ljóð.

Báðir fulltrúar skólans úr SU voru kynnar og lásu ljóð.

Gestalesari úr 7. bekk, fulltrúi úr SU, ekki klæddur alveg við hæfi ☺

#### 16. Var eitthvað í lesefninu sem var of þungt? Eða of létt?

Nei, vel við hæfi.

Lesefnið var fjölbreytt og ekki of þungt.

Ekki of þungt. Ef einhver orð voru og þung gaf það tækifæri til að læra hvað þau þýddu og með æfingunni runnu þau eins og önnur orð.

Mér fannst textinn heldur þungur, hefði mátt vera léttari og að sögurnar hefðu upphaf og endi.

Sum ljóðin of þung.

#### 17. Hafðir þú gagn af fundunum í október og janúar?

Fundirnir mjög nauðsynlegir til að koma verkefninu af stað og einnig til að fylgja því eftir.

Mikil aðstoð.



Bæði gagn og gaman. Nauðsynlegt að hittast og heyra hvernig hinir skólarnir eru að útfæra æfingar og svo hátíðina sjálfa. Fundirnir ýttu undir öryggi okkar á því að við værum að gera rétt og við sáum hvar við gátum bætt okkur í undirbúningnum.

Hafði gagn af fyrri fundinum, missti því miður af janúarfundinum því boðin bárust of seint til mín frá stjórnendum.

Já, gott að hittast og heyra líka í öðrum kennurum, lærði mikið.

### **18. Er þörf á lengri námskeiðum varðandi framsögn og munnlega tjáningu?**

Nei, en fundirnir nauðsynlegir.

Ég hef farið á mörg námskeið um framsögn og munnlega tjáningu en það virðist samt alltaf vera þörf á nýjum kennsluhugmyndum.

Nei, þetta var prýðilegt allt saman, mjög skýrt og vel framsett.

Við höfðum til hliðsjónar “boðorðin 7” og einnig Amboð úr kennsluaðferð sem keypt er frá Hamraskóla og er heildstæð íslenskukennsla. Þetta reyndist okkur mjög vel og hjálpaði mikið til við áhaerslu. Alltaf gott að fá stutt námskeið til að hnykkja á aðalatriðum.

### **19. Telur þú að Litla upplestrarkeppnin sé komin til að vera?**

Algjörlega, hefur gott uppeldislegt gildi og eykur sjálfstraust nemenda. Talsverð vinna en nemendur uppskera svo sannarlega meira en maður hélt í upphafi.

Við teljum LU þarfa þar sem þetta er góð æfing fyrir nemendur í framsögn og framkomu.

Já, ekki spurning. Frábært verkefni.

Já, ekki spurning. Nemendur lærðu mjög mikið á þessu, allir treystu sér til að koma upp í pontu á hátíðinni. Foreldrar hrósuðu þessu og fannst börnin þeirra læra mikið.

Teljum Lu vera komna til að vera. Nemendur eru afar spenntir fyrir henni.

Endilega, góð leið til þess að koma framsögn með skipulögðum hætti inn í kennsluna. LU ýtir á eftir okkur að gera þetta að hluta af kennslunni og leiðir til þess að minni hætta er á því að lítið verði úr þessum þætti.

### **20. Og svo allt annað sem þér finnst nauðsynlegt að taka fram.**

Við viljum koma því á framfæri að fyrir foreldra var Litla upplestrarkeppnin ógleymanleg stund sem við fundum að hafði gefið þeim mikið. Við fundum fyrir miklu þakklæti frá foreldrum fyrir þessa stund. Við þökkum fyrir þá aðstoð sem við fengum í tengslum við þetta verkefni og að fá að taka þátt í því. Í okkar huga er ekki spurning að það á að halda áfram með þetta verkefni.

Við veltum fyrir okkur nafninu á verkefninu í haust hvort væri við hæfi að kalla þetta “keppni”. En þegar við kynntum markmiðin bæði fyrir foreldrum og kennurum í skólanum þá sáum við að þetta var einmitt það rétta, að keppa að betri árangri og verða stöðugt betri í dag en í gær. Foreldrum fannst þetta einmitt góð markmið.

Við viljum taka fram að verkefnið í heild sinni var mjög skemmtilegt og gaf nemendum tækifæri til þess að æfa framsögn á fjölbreyttan hátt. Í upphafi reyndist það erfitt fyrir suma að flytja stutt ljóð fyrir bekkinn en ekki bar á öðru á lokahátíðinni en allir hefðu öðlast sjálfstraust og kjark til þess að standa á sviði fyrir framan ca. 100 manns og flytja efnið á fallegan og öruggan hátt.

Tókst mjög vel, góð viðbót við þá vinnu sem fram fer í skólanum. Flott að fá Ingibjörgu á hátíðina sjálfa, gaf þessu meira “vægi” fyrir krakkana.

Viljum leggja til að nafninu verði breytt í Litlu upplestrarhátíðina. Foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans fannst það ruglingslegt að þetta væri kallað upplestrarkeppni.

Virkilega skemmtilegt verkefni sem er svo sannarlega komið til að vera. Við sjáum fyrir okkur að það megi nota þetta form með viðaminni hætti í yngri bekkjum skólans.

Ég hefði viljað nota meira talkórinn á æfingum, ég var hálf feimin við að nota hann og hélt að nemendurinnir þyrftu að vera svo rosalega vel undirbúnir og samæfðir til að geta notast við þann kennsluháttinn. En þau voru fljót að taka við sér og blómstruðu í minni talkórum.

Vil endilega láta það koma fram að ég held ég hafi aldrei fengið svona mikil og góð viðbrögð frá foreldrum eins og núna á hátíðinni. Ég hef samt kennt mjög lengi.

Frábært að fá svona skipulagt og vel undirbúið verkefni í hendur. Alls ekki gefa frjálst hvaða lesefni er notað, þetta þarf að vera vandað lesefni. Svo er gott að hafa ramma að dagskránni.

**Samantekt:**

**Ingibjörg Einarsdóttir**